

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Listdansarar, sem hafa verið fastráðnir dansarar í a.m.k. 8 ár við gildistöku reglna þessara og sem láta þurfa af störfum við Íslenska dansflokkinn vegna þess að þeir uppfylla ekki lengur listrænar kröfur listgreinarinnar, eiga rétt til námsstyrks í allt að 3 ár sem hér segir:

1. Eftir 8 ára starfsaldur = 80% launa í eitt ár.
2. Eftir 12 ára starfsaldur = 80% launa fyrsta árið.  
= 60% launa annað árið.
3. Eftir 16 ára starfsaldur = 80% launa fyrsta árið.  
= 60% launa annað árið.  
= 40% launa þriðja árið.

Réttur þessi er bundinn því skilyrði að eigi sé um að ræða rétt til annarra námsstyrkja eða námslána.

Skulu listdansarar skila stjórn dansflokksins umsóknum um námsstyrki eigi síðar en 3 mánuðum fyrir starfslok. Í umsókn skal greina m.a. hvaða menntunar umsækjandi hyggst afla sér og fylgja skal staðfest vottorð um námsvist.

Hefji styrkhafi störf á tímabilinu fellur réttur til námsstyrks niður meti stjórn Íslenska dansflokksins það svo. Ef sérstaklega er er um það sótt er stjórn Íslenska dansflokksins heimilt að geyma réttindin þar til allt að 2 ár eru liðin frá starfslokum hjá Íslenska dansflokki.

Listdansarar eiga rétt skv. þessu ákvæði til bráðabirgða næstu 3 ár frá setningu reglna þessara.

*Menntamálaráðuneytið, 27. desember 1991.*

**Ólafur G. Einarsson.**

*Árni Gunnarsson.*

**GJALDSKRÁ****um hreinsun taðþróa í hesthúsahverfinu við Kjóavelli í Garðabæ árið 1992.**

1. gr.

Af öllum hesthúsum í hesthúsahverfinu við Kjóavelli skal greiða taðþróargjald árið 1992.

2. gr.

Taðþróargjald skal vera kr. 50 000 á hvert hús.

3. gr.

Taðþróargjald skal greiða til bæjarsjóðs Garðabæjar og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Garðabæjar, með vísan til 4. gr. samþykktar nr. 439/1991 um notkun og hreinsun taðþróa við hesthús í hesthúsahverfinu við Kjóavelli, er hér með staðfest skv. lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og gildir frá 1. janúar 1992.

*Umhverfissráðuneytið, 30. desember 1991.*

F. h. r.

**Páll Líndal.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*